

63. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs, haldinn í Kötluasetri fimmtudaginn 7.7 2022 kl. 16.

Mætt: Tómas Birgir Magnússon, Björn Þór Ólafsson, Sveinn Jensson, Æsa Guðrúnardóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn starfsmenn jarðvangsins, Berglind Sigmundsdóttir framkvæmdastjóri og Jóhannes Marteinn Jóhannesson verkefnastjóri.

Tómas Birgir Magnússon setti fund, og gengið var til dagskrár:

Dagskrá:

1. Kynning á jarðvanginum fyrir nýrri stjórn.
Berglind greindi frá þróun jarðvangsins frá stofnun hans 2010, starfsmannahaldi, verkefnum o.fl. Einnig greindi hún frá þeim sex tilmælum (recommendations) sem komu frá UNESCO í kjölfar úttektarinnar 2021. Að lokum fór hún yfir helstu viðfangsefni næstu ára, og greindi frá hugmyndum sínum um hvernig tryggja mætti tengsl og samvinnu milli aðila í jarðvanginum, en þessar hugmyndir höfðu verið kynntar fráfarandi stjórn. Í umræðum kom m.a. fram mikilvægi þess að ná betur til almennings, og að fjármögnun sem einungis er bundin við sveitarfélögin sé krefjandi fyrir þau. Stjórnin leggur áherslu á áframhaldandi aðkomu ríkisins að fjármögnun jarðvangsins, en ríkisframlögin féllu niður á yfirstandandi ári.
2. Ársreikningur Kötlu jarðvangs 2021
Berglind fylgdi ársreikningnum úr hlaði. Reksturinn á árinu var í jafnvægi, þó með lítils háttar halla. Ársreikningurinn var staðfestur með undirritun.
3. Rekstrar- og starfsáætlun - Framkvæmdastjóri fer yfir drög að rekstrar- og starfsáætlun 2022. Ákveðið að framkvæmdastjóri uppfæri áætlunina og sendi fulltrúum sveitarfélaganna í stjórn. Í framhaldinu munu fulltrúarnir leita eftir staðfestingu sveitarfélaganna á framlögum fyrir 2022. Jafnframt að jarðvangurinn leiti eftir því að fá fund með einstökum sveitarstjórnnum um málefni jarðvangs.
4. Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður verður Tómas Birgir Magnússon, Sveinn Jensson varaformaður og jafnramt ritari, og Björn Þór Ólafsson gjaldkeri.
5. Styrkur frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna áfangastaðar við Þorvaldseyri.
Stjórnin samþykkir að framkvæmdastjóri sendi erindi til Rangárbings eystra um að sveitarfélagið verði samstarfsaðili í þessu verkefni og ábyrgist upphafsgreiðslur þannig að hægt verði að skrifa undir samning um verkefnið við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.
6. Nýjar samþykktir – drög að nýjum samþykktum jarðvangsins. Málinu frestað.
7. Önnur mál

Fleira ekki, fundi slitið kl. 19:35